



Sjúkrasjóður Verkalýðs og sjómannafélags Sandgerðis Styrkir eftir a.m.k. 6. mánaðar aðild að sjóðnum.

Ef um flutning félagsmanna til VSFS úr öðrum félögum innan ASÍ er að ræða og hafi þeir verið greiddandi í sjúkrasjóð þar í 6 mánuði og ekki nýtt rétt sinn þar öðlast þeir fullan rétt eftir einn mánuð.

Réttindi vegna greiddra styrkja reiknast hlutfallslega út frá greiddu lágmarks félagsgjaldi hverju sinni, eins og er gert hjá starfsmenntasjóðunum.

Krabbameinsleit:

Er greidd að fullu en aldrei meira en 15.000 á ári

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun og ljósrit af launaseðli.

Hjartavernd:

Almenn skoðun hjá hjartasérfræðingi (áhættumat)greiðist 50% af kostnaði að hámarki 15.000 kr. ár hvert.

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun og ljósrit af launaseðli.

Sjúkraþjálfun og Sjúkranudd:

Endurgreitt er að hámarki 40.000 kr. á ári, þó aldrei meira en sem nemur 50% af kostnaði. Dvöl á heilsustofnuninni í Hveragerði fellur undir þennan bótaflokk.

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun frá viðkomandi stofnun, enda sé meðferðin samkvæmt tilvísun frá lækni og ljósrit af launaseðli

Heilsurækt:

Styrkur til heilsuræktar 50% af kostnaði, þó aldrei hærra en 40.000 kr. á ári miðað við fullt starf.

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun og ljósrit af launaseðli.



Geð og sálfræðiþjónusta:

Styrkur til geð og sálfræðiþjónustu er 50% af hverjum reikningi þó aldrei hærra en 40.000 á ári miðað við fullt starf.

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun og ljósrit af launaseðli.

Tækjastyrkir:

1. Sjóðurinn niðurgreiðir kaup félagsmanna á gleraugum og linsum allt að 50.000 kr. þó aldrei meir en 50% af kostnaði.
2. Einnig niðurgreiðir félagið Laser-aðgerðir á augum um allt að 40.000 kr. á hvort auga. Sjóðsfélagi getur einnig fengið styrk til kaupa á heyrnartækjum, allt að 40.000 kr. á hvort eyra.
Allir tækjastyrkir miðast við 36 mánaða tímabil.

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun frá viðkomandi stofnun, enda sé meðferðin samkvæmt tilvísun frá lækni og ljósrit af launaseðli

Áfengis og vímuefnameðferð:

Heimilt er í eitt skipti að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að 30 daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu áfengis eða vímuefna. Tilvísun læknis þarf til.

Umsókn þarf að fylgja lögleg kvittun frá viðkomandi stofnun, enda sé meðferðin samkvæmt tilvísun frá lækni og ljósrit af launaseðli

Samþykkt á aðalfundi 18.05.2026